

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins vegna Björgunar (US190077)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.03.2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Þann 18. ágúst 2017 skrifuðu borgarstjóri og framkvæmdastjóri Björgunar undir viljayfirlýsingu um að Björgun flytti athafnasvæði sitt í Gunnunes sem er sunnanverðu Álfsnesi. Leitin að nýjum stað fyrir starfsemina hefur dregist á langinn og áður hefur því verið lýst yfir að starfsemi Björgunar verði tryggður nýr staður. Í október 2018 sagði borgarstjóri í svarbréfi til íbúasamtaka Bryggjuhverfisins að starfsemin myndi fara í síðasta lagi 1. júní 2019 og að Björgun muni taka að sér vinnu við landfyllingar sem verði lokið fyrir 31. desember 2019. Í ljósi ofangreinds og að sumarið er handan við hornið þykir ástæða til þess að óska eftir upplýsingum um stöðu málsins

Svar: Á árunum 2019 og 2020 var unnið nýtt deiliskipulag (ásamt breytingum á aðal- og svæðisskipulagi) fyrir Álfsnesvík á Kjalarnesi þar sem lögð var til 7,5 hektara lóð fyrir alla almenna starfsemi Björgunar og er um að ræða efnisvinnslusvæði með viðlegukanti þar sem landað er seti af hafsbotni. Tillagan var kynnt og auglýst með lögformlegum hætti og var tillagan samþykkt í borgarráði 2. apríl 2020 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. júní 2020. Framkvæmdar – og byggingarleyfi hafa verið gefin út síðan og stendur uppbygging Björgunar á svæðinu yfir þessi misserin.

f.h. skipulagsfulltrúa
Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt